


Undirbúningur svæðis:

Áður en hafist er handa við hellulögn eða hleðslu er mikilvægt að fjarlægja allt frostvirkt efni úr vinnusvæðinu niður á 50-100 cm dýpt, háð aðstæðum í hverju tilviki fyrir sig, s.s. jarðvegi. Með frostvirku efni er átt við leir og mold. Þetta er gert til að koma í veg fyrir frostþenslu og að lögnin aflagist með tímanum. Að því loknu er fyllt upp með ófrostvirku efni sem þjappast vel (grús). Gott er að nota jarðvegsþjöppu og þjappa jarðveginn í tveimur lögum og bleyta hann hæfilega.



Hæðarsetningar:

1) Þegar hæðir eru ákvarðaðar þarf að miða við grunnplötu húss og hæðir við götur og gangstéttar. Ganga þarf úr skugga um að vatnshalli verði nægur (2% lágmark) þannig að vatn renni í niðurföll eða út í gróðurbeð. Réttar hæðir eru fengnar með hallamáli og réttскеið eða hæðarkíki og síðan stilltar af með hælum og snúrum.

2) Ofan á fyllinguna er lagt 3-5 cm þykkt lag af sandi. Best er að nota grófan holtasand sem þjappast vel og hafa sandlagið sem þynnst. Sandinum er jafnað gróft yfir svæðið og hann síðan þjappaður.

3) Útbúinn er leiðari sem dregið er eftir. Auðveldast er að nota tvö járnör 3-5cm í þvermál sem lögð eru samhliða ofan í sandinn. Efri brún röranna er stillt í sömu hæð og neðri brún efnisins sem ætlunin er að leggja. Síðan er sandurinn skafinn eftir rörunum (dreginn) með réttскеið í rétta hæð. Þegar búið er að draga fyrsta hlutann eru rörin fjarlægð með varúð, raufarnar fylltar með sandi og sléttað yfir. Mikilvægt er að halda sandinum alltaf hæfilega rökum meðan á framkvæmdinni stendur.

Svæðið er nú tilbúið fyrir hellulögn eða hleðslu.

Hellu-, steina- og steinflísalögn:

Gott er að strengja tvær snúrur í 90° horn hvor við aðra til að fá réttar línur sem síðan eru notaðar til að tryggja að línur í hellulögninni verði beinar (t.d. í línu við húsvegg). Afréttingarlagið þarf að vera það gott að ekki þurfi að jafna undir hverja hellu.

Hellurnar eru lagðar með jafnri fúgu (2-4 mm). Þegar búið er að leggja hellurnar er komið að því að sanda lögnina.

Þá er dreift yfir hana fínum pússningarsandi (fúguleir fyrir fornstein) og hann sópaður fram og aftur þannig að fúgurnar milli steinanna fyllist (þetta þarf að endurtaka

eftir nokkurn tíma þegar sandurinn hefur sest). Þegar

um steina er að ræða mælum við með því að farið sé að lokum yfir lögnina 2-3 sinnum með jarðvegsþjöppu

(ca. 150 kg þjappa) með gúmmíklæddri plötu.